

143. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Hafsteinn H. Gunnarsson, Bryndís Skúladóttir, Eiður Guðmundsson, Ingþór Guðmundsson, Már Karlsson.

Staður og stund: 6. maí 2013, kl. 9:30 – 10:50, símafundur.

Þetta gerðist

1. Aðalfundur – mat á fundinum.

Gekk ágætlega þó mæting mætti vera betri. Helstu ábendingar sem fram komu á fundinum voru að setja útgáfu Fenúr fréttar aftur af stað. Vel var tekið í að setja af stað vinnuhópa. Rætt var um að fjölga í hópnum.

2. Fenúr fréttir.

Setja þarf í gang rafrænt fréttabréfi. Skoða hvort hægt er að nota núverandi form og senda í pdf eða setja upp í vefviðmót. Vera þá með úrdrátt úr greinum í fréttapósti og tengill inn á greinarnar. Taka umræðu um uppfærslu á heimasíðu í framhaldi. Skoða þarf fréttaskrif og hvort einhver verði fenginn til að skrifa greinar eða taka viðtöl. **HGH** ræðir við Rögnu sem þekkir hvernig útgáfu hefur verið háttáð.

3. Vinnuhópur um litamerkingar á úrgangsflokkum.

Fenúr nefnt í Landsáætlun sem samstarfsaðili ráðuneytis. **HGH** hefur samband við ráðuneytið um framgang málsins og hugað að stofnun hóps með haustinu. Fenúr er einnig nefnt í Landsáætlun sem hugsanlegur samstarfsaðili við að koma á bættri gagnasöfnun og einnig varðandi fræðslumál.

4. Önnur mál.

Mikilvægt að Fenúr haldi sambandi við norræna kollega okkar. **HGH** skoðar að fara á NAF fund í Osló 17. - 19. júní fyrir Fenúr og skoðar kostnað við flug og hótél.

5. Fjölgun í Fenúr hópnum.

Við stöndum frammi fyrir fækkun því einhverjir aðilar vilja fara úr félaginu. Áfram verður rætt við þau. Skoða þarf hvort félag umhverfisfræðinga hafi áhuga, einnig HÍ umhverfisfræðin og Háskólinn á Akureyri. Skoða sveitarfélög. Fleiri atvinnugreinar. Stjórnin hugsar þetta og ræðir við fólk sem það þekkir.

6. Haustfundur.

Lagt var til að fara um Vesturland. Skoða hvernig gengið hefur í Stykkishólmi, fyrsta svæðið sem tók upp þriggja tunnu kerfi. Fá kynningu á GreenGlobe vottun samfélagsins og hvort það hjálpar varðandi úrgangsmál. Heimsækja Eið á Hvanneyri. Heyra um t.d. úrgang og orku. Ræða við Stefán Gíslason hvað er að gerast á svæðinu.

7. Önnur mál.

MK ræddi uppgjör á virðisaukaskatti vegna Fenúr merkja. **MK** sendir okkur erindi um þetta. Skoða þarf hvort sparnaður felist í að láta prentsmiðju sjá alfarið um merkin.

Næsti fundur 3. júní kl. 9:30.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir